



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um biðtíma eftir sálfræðipjónustu í leik- og grunnskóla.

Svohljóðandi fyrirspurn var lögð fram í borgarráði þann 6. september 2018 af áheyrnarfulltrúa flokks Fólksins:

Hversu langur biðtími er eftir eftirfarandi sálfræðipjónustu í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar?

1. *Viðtali við sálfræðing t.d. vegna kvíða, þunglyndis, félagslegra vandamála, eineltis og/eða almenna ráðgjöf?*
2. *Greiningu í forgang 2 og 3 samkvæmt stigskiptingu tilvísana sem berast þjónustumiðstöðvum en sú greining felur í sér fyrirlögn WISC greindarprófs (Wechsler Intelligence Scale for Children (WISCI)), og annarra kvarða eftir atvikum í þeim tilfellum þegar grunur leikur á um þroskafrávik, sértæka námsörðugleika, ADHD eða aðrar raskanir? (Nánar um stigskiptingu til skýringar: Forgangur 2 er grunur um alvarleg þroskafrávik. Forgangur 3 er vægari raskanir, s.s. ADHD, sértækir námsörðugleikar og þess háttar þar sem skilað er álitserð sem inniheldur það samkomulag sem sálfræðingur, skoli og foreldrar hafa ákveðið).*
3. *Skólamál s.s. beiðni um að sálfræðingur komi inn í bekk/bekki með fræðslu um einelti eða önnur sálfræði- tilfinnga- og/eða félagstengd málefni.*

Óskað er eftir því að nákvæmlega þessum spurningum verði svarað og að svörin verði sundurliðuð eftir þjónustumiðstöðvum/hverfum.

Svar:

Velferðarsvið sinnir skólaþjónustu í umboði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar á grundvelli þjónustusamnings. Aðgengi að skólaþjónustuþjónustumiðstöðva er með eftirfarandi hætti:

1. **Viðtalsbeiðnir:** Viðtalsbeiðnir eru afhentar á fundi í skóla (nemendaverndarráð, lausnarteymi eða samráðsfundir). Slíkar beiðnir fela í sér beiðni um 1 - 3 ráðgjafarviðtöl til foreldra, skólastjórnenda eða starfsfólk skóla. Beiðnirnar eru oft millistig áður en til formlegrar tilvísunar til skólaþjónustu kemur og eru hugsaðar sem lausnarleit og samráð með foreldrum eða starfsfólki skólanna.
2. **Bráðamál:** Bráðamál eru ýmis málefni sem koma upp varðandi börn og þola ekki bið s.s. grunur um alvarleg þroskafrávik, brot á skólareglum, t.d. agabrot, skólaforðun, samskiptavandi á milli skóla og heimilis eða annað sem rekja má til þeirra þátta sem getið er um í verklagsreglum um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vgná grunnskólanema með fjölþættan vanda frá 2015. Slíkar beiðnir frá skólum eru settar í forgang.

3. **Tilvísun:** Tilvísanir berast frá leik- og grunnskólum þar sem óskað er eftir aðkomu sálfræðings, talmeinafræðings, hegðunarráðgjafa, kennsluráðgjafa, sérkennsluráðgjafa eða félagsráðgjafa að vanda barna. Ástæður eru af mörgum meiði t.d. hegðunarerfiðleikar, námserfiðleikar, málþroskavandi, grunur um seinþroska ofl.
4. **Skýrsla/læknabréf:** Erindi sem berast frá samráðsstofnunum t.d. Greiningar- og ráðgjafarstöð þar sem óskað er t.d. eftir ráðgjöf, þjónustu eða eftirfylgd í málum barna.
5. **Skólamál:** Skólar geta óskað eftir aðkomu allra ráðgjafa skólaþjónustunnar t.d. vegna fræðslu fyrir starfsfólks skóla, skimunar eða ráðgjöf fyrir tiltekna hópa nemenda.

Tilvísanir hafa verið u.þ.b. 80% af öllum erindum sem berast skólaþjónustunni.

Erindum til skólaþjónustunnar er forgangsraðað eftir alvarleika máls og því er ekki hægt að segja með ákveðnum hætti hver nákvæmur biðtími er eftir fyrirnefndri sálfræðiþjónustu sem óskað er svara við. Með því að forgangsraða erindum eftir alvarleika máls er hægt að tryggja að þau mál sem þola ekki bið fái afgreiðslu sem fyrst.

Gert er ráð fyrir því að vinnslutími sé 2 – 4 vikur eftir að beiðni berst skv. forathugun sem tók gildi á öllum þjónustumiðstöðvum 1. janúar 2018.

Forgangsröðin er með eftirfarandi hætti:

1. Bráðamál, mál sem þola ekki bið s.s. áföll, sjálfsvígshætta, hegðun og líðan nemenda.
2. Tilvísanir sem benda til alvarlegra þroskafrávika t.d. hjá ungum börn eða grunnskólabörnum í kjölfar forathugunar.
3. Alvarlegri hegðunar-, náms- eða tilfinningaerfiðleikar.
4. Vægir erfiðleikar barna sem mætt er með annarskonar þjónustu en greiningarferli.

Mál sem flokkast sem forgangur 1 og 2 fara strax í vinnslu.

Miðað við að búið sé að forgangsraða erindum í kjölfar forathugunar má áætla að meðalbiðtími sundurliðaður eftir þjónustumiðstöðvum sé með eftirfarandi hætti:

1. *Bið eftir viðtali við sálfræðing t.d. vegna kvíða, þunglyndis, félagslegra vandamála, eineltis og/eða almenna ráðgjöf*

ÞB	ÞLH	ÞVMH	ÞGK	ÞÁG
0-4 vikur	0-4 vikur	0-4 vikur	0-4 vikur	0-4 vikur

Alla jafna hafa verið veitt sálfræðilega viðtöl innan fjögurra vikna frá því að beiðni berst, í samræmi við forgangsröðun erinda í kjölfar forathugunar.

2. *Bið eftir greiningu í forgang 2 og 3 samkvæmt stigskiptingu tilvísana sem berast þjónustumiðstöðvum en sú greining felur í sér fyrirlögn WISC greindarprófs (Wechsler Intelligence Scale for Children (WISC)), og annarra kvarða eftir atvikum í þeim tilfellum þegar grunur leikur á um þroskafrávik, sértæka námsörðugleika, ADHD eða aðrar raskanir? (Nánar um stigskiptingu til skýringar: Forgangur 2 er grunur um alvarleg þroskafrávik. Forgangur 3 er vægari raskanir, s.s. ADHD, sértækir námsörðugleikar og þess háttar þar sem skilað er álitserð sem inniheldur*

Það samkomulag sem sálfræðingur, skóli og foreldrar hafa ákveðið).

	ÞB	ÞLH	ÞVMH	ÞGK	ÞÁG
Forgangur 2	2 mánuðir	2 mánuðir	2 mánuðir	3-4 mánuðir	2 mánuðir
Forgangur 3	6-9 mánuðir	8 mánuðir	6-9 mánuðir	6-9 mánuðir	6-9 mánuðir

Alla jafna er bið eftir greiningu í forgangi 2, 2-4 mánuðir. Bið eftir greiningu í forgangi 3 er alla jafna 6-9 mánuðir.

3. *Bið eftir þjónustu vegna skólamáls, s.s. beiðni um að sálfræðingur komi inn í bekk/bekki með fræðslu um einelti eða önnur sálfræði- tilfinnga- og/eða félagstengd málefni.*

ÞB	ÞLH	ÞVMH	ÞGK	ÞÁG
Engin bið	Engin bið	Engin bið	Engin bið	Engin bið

Alla jafna er engin bið eftir þjónustu vegna skólamáls og þau erindi afgreidd strax.

Niðurstaða:

Þegar erindi berast skólajónustu Reykjavíkurborgar er gerð forathugun til að skilgreina nákvæmlega hvaða aðgerða er þörf út frá alvarleika málsins. Öllum erindum er forgangsraðað í kjölfar forathugunar. Vegna þessarar forgangsröðunar er erfitt að segja til nákvæmlega hversu langur biðtími er eftir ákveðinni þjónustu heilt yfir eins og óskað er eftir í fyrirspurn þessari. Hér hefur þó verið settur fram meðalbiðtími sundurliðaður eftir þjónustumiðstöðvum sem sýnir hvaða biðtíma megi alla jafna gera ráð fyrir en öllum erindum er forgangsraðað eftir alvarleika í kjölfar forathugunar.

Virðingarfyllst


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

